

1509055



**Bæjarráð Árborgar**  
**b/t Gunnar Egilsson formaður**  
**Austurvegi 2**  
**800 Selfoss**

Selfossi, 1. október 2015

***Efni: Breytingar á Tíbrá***

Óskað er eftir heimild bæjarráðs Árborgar fyrir breytingum í félagsheimilinu Tíbrá þar sem fyrir liggur að breyta búningsklefum í skrifstofu- og félagsaðstöðu.

Þetta er í samræmi við áætlun sem lagt var af stað með þegar ráðist var í byggingu búningsklefa í stúkunni við Selfossvöll. Öll aðstaða starfsfólks, þjálfara, stjórnarmanna, sjálfboðaliða og íþróttamanna á vegum Umf. Selfoss til að stunda sína vinnu, íþrótt og áhugamál mun lagast mikið með þessari framkvæmd.

Skv. a-lið 7. greinar í rekstrarsamningi milli Umf. Selfoss og Sveitarfélagsins Árborgar þarf leyfi sveitarfélagsins fyrir meiriháttar framkvæmdum í Tíbrá. Óskað er eftir því að ef breytingar á innra skipulagi leiði af sér meiriháttar lagfæringar verði þær á ábyrgð framkvæmda- og veitusviðs Sveitarfélagsins Árborgar.

Rétt er að geta þess að allar breytingar eru afturkræfar að fullu. Þannig verður ekki hróflað við gólf í blautrymi né heldur verður sturtuaðstaða fjarlægð.

*Með vinsemd og virðingu og von um jákvæð viðbrögð,*  
Guðmundur Kr. Jónsson  
Formaður Umf. Selfoss

Gissur Jónsson  
Framkvæmdastjóri Umf. Selfoss

Afrit sent:  
Formanni Íþróttá- og menningarnefndar  
Íþróttá- og menningarfulltrúa